

**Ed.**

**439. Frumvarp til laga**

[233. mál]

um viðauka við girðingalög, nr. 10 25. marz 1965.

Frá landbúnaðarnefnd.

**1. gr.**

Á eftir 7. gr. laganna (sbr. 1. gr. laga nr. 45 29. apríl 1967) komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (8. gr.) Nú vilja sveitarfélög, eitt eða fleiri, girða af sitt afréttarland, en fá ekki samþykki aðliggjandi hreppa, og skal þá viðkomandi sýslunefnd eða sýslunefndir, áður en tekur til ákvæða 5., 6. og 7. gr. um þau atriði, fella úrskurð um, hvort fyrirhugað girðing skuli heyra undir ákvæði ofanefndra lagagreina. Skal úrskurður sýslunefndar eða sýslunefnda reistur á þrem eftirtöldum atriðum:
1. Hvort ágangur búfjár frá aðliggjandi hreppum réttlæti einhliða ákvörðun kröfuaðilans um lagningu girðingar.
  2. Hvort fyrirhugað stæði girðingar er nothæft miðað við hæð lands, landslag og snjóalög.
  3. Hvort fleiri sveitarfélög en þau, er lönd eiga að afréttargirðingu, og hver skuli vera þátttakendur í stofn- og viðhaldskostnaði girðingar og eftir hvaða hlutföllum innbyrðis, sbr. næstu grein hér á eftir.

Sé um fleiri en eina sýslunefnd að ræða, skal úrskurður felldur á sameiginlegum fundi.

b. (9. gr.) Nú er afréttargirðing úrskurðuð hæf af sýslunefnd eða sýslunefndum samkvæmt næstu grein hér á undan, og skulu þá þau sveitarfélög, sem samliggjandi afréttir eiga þeim megin, sem þátttaka var úrskurðuð, vera þátttakendur í úrskurðum kostnaði, hvort sem afréttarlönd þeirra liggja að hinu afgirta landi eða ekki, ef búfé frá þeim hefur síðastliðin fimm ár, áður en girt var, komið fram í fjallskilum að hausti á hinu afgirta landi. Skal tala þessa búfjár vera skiptingargrundvöllur.

## 2. gr.

Við löginn bætist svo hljóðandi:

### Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi sveitarfélag, eitt eða fleiri, lagt afréttargirðingu á mörkum hreppa eftir 29. apríl 1967, en aðliggjandi hreppar ekki fallizt á kostnaðarþátttöku, skal ríkissjóður teljast kostnaðaraðili í stað þeirra hreppa, er neitað hafa, ef sýslunefnd (sýslunefndir) úrskurðar girðinguna óþarfa og girðingarstæði ónothæft, sbr. 1. gr. a. 1—2 þessa frv.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk nokkurra sveitarstjórnarmanna norðanlands, sem telja ákvæði girðingalaga óljós og auk þess óréttlát.

Landbúnaðarnefnd ákvað á fundi fyrir skömmu að verða við þessum tilmælum, án skuldbindingar einstakra nefndarmanna um stuðning við frv., sem fer að sjálf-sögðu eftir málavöxtum, þegar það verður nánar skoðað í nefnd.

Greinargerð sú, sem hér fer á eftir, er ekki samin af nefndinni. Og sem fylgiskjal er bréf undirritað af sýslunefndarmanni Kelduneshrepps.

Með þeirri breytingu, sem gerð var á girðingalögum 1967, voru hugsanlegar girðingar á afréttarmörkum hreppa heimfærðar undir girðingalög, að því er virðist, án þess að sett væru í löginn nauðsynleg sérákvæði um afréttar- og öræfagirðingar.

Af þessum sökum hefur skapast deiluefni, sem ekki hefði þurft að verða, hefði Alþingi tekið mál þetta fastari tókum 1967 en raun varð á.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, á að bæta úr í þessu efni.

Með girðingum ræktunarlanda og heimahaga annars vegar, en afréttar- og öræfagirðingum hins vegar er margt allfrábrugðið, en allt fram til ársins 1967 hafa girðingalög eingöngu verið miðuð við hinar fyrr töldu. Hlutverk girðinga er tvíþætt, vörn gegn ágangi búpenings og geymd búpenings. Hvorugu þessu hlutverki geta afréttargirðingar yfirleitt fullnægt til hlítar, heldur munu þær veita mismunandi hömlun. Girðingarstæði á mörkum hreppa og sýslna á landi hér munu víðast hvar vera ónothæf vegna hálendis, landslags eða snjóþyngsla, á öðrum stöðum meira eða minna vafasöm. Það er því óhyggilegt í meira lagi að veita öðrum aðila hugsanlegrar afréttar- eða öræfagirðingar einhliða ákvörðunarrétt um lagningu slíkrar girðingar, svo sem rétt þykir um girðingar í byggðum landsins, sem engin vandkvæði eru á að leggja né nokkur vafi á um gagnsemi.

Næst girðingarstæði og ekki síður þýðingarmikið atriði er það, hvort um ágang óviðkomandi búfjár sé að ræða á lönd þeirra, er girðingar óska, og hve mikinn — hvort ekki gæti verið hagkvæmara að jafna slíkar sakir með samkomulagi um hagatoll.

Loks er það eðlilegt og sanngjarnt, að úrskurðaður kostnaður vegna afréttargirðingar skiptist á þá hreppa alla, er eiga samliggjandi afrétt þeim megin girðingar, sem úrskurðað er, en ekki aðeins þá hreppa, hverra lönd liggja að girðingunni. Eðlileg skipting þessa kostnaðar er magn þess búfjár, sem hreppar þessir, hver um sig og allir til samans, hafa fengið af afréttinni, áður en girt var.

Lagt er til, að sýslunefnd eða sýslunefndum sé falið að úrskurða ofangreind atriði, sbr. 1. grein. Má líta svo á, að þeim sé öðrum fremur treystandi til hlutleysis vegna þekkingar á þessum efnunum.

### Fylgiskjal.

Girðingalög hafa lengi gilt á landi hér, en fram til ársins 1967 aðeins náð til heimahaga. En þetta ár eru girðingalög með einni innskotssetningu látin ná til afrétta og öræfagirðinga milli hreppa og sýslna. Sú setning er svo hljóðandi: Um girðingarkostnað milli afréttarlanda gilda sömu reglur og um landamerkjagirðingar sé að ræða.

Samkvæmt heimildum, er telja verður góðar, lágu þessar ástæður til lagasetningarinnar: Árið 1966 sneru Húnvetningar sér til Sambands ísl. sveitarfélaga og leit-uðu upplýsinga um, hvernig skipta skyldi kostnaði við girðingu milli afrétta, þ. e. Viðidalstunguheiðar og Haukadalsheiðar. Samband ísl. sveitarfélaga leitaði eftir álitum landbúnaðarráðuneytisins, en það sendi málið stjórn Búnaðarfélags Íslands. Stjórn Búnaðarfélags Íslands hafði samráð við lögfræðing sinn, Sveinbjörn Jónsson hestarettarlögmann, og lagði síðan fyrir Búnaðarþing 1967 tillögu um, að bætt yrði inn í löginn ákvæði því, sem um er að ræða. Búnaðarþing samþykkti tillöguna. Kom þar fram andóf frá einum manni (úr Vestur-Hún.). Þegar á sama ári lagði landbúnaðarráðherra tillögu Búnaðarþings óbeytta fyrir Alþingi með þeim skýringum sínum, að hún væri frá Búnaðarþingi og til leiðréttingar á óskýrum ákvæðum. Var lagt til, að öll lagagreinin yrði tekin upp svo breytt, en ekki skýrt frá, í hverju breytingin væri fólgin. Landbúnaðarnefndir beggja deilda mæltu með frumvarpinu, og í báðum deildum var það samþykkt samhljóða og án andmæla. Þetta var mjög seint á þingi 1966—67 (næstsiðasta dag þingsins).

Með þeirri einu setningu, sem 1967 var aukið inn í löginn, virðist girðingalögum í heild ætlað að ná til hreppamarka hvar sem er á landinu, girðinga milli afrétta. Það hugtak er nýmæli í lögnum, en það þýðir, að á hreppamörkum er skylt að leggja landamerkjagirðingar á kostnað beggja aðila, ef annar aðilinn óskar þess með tilteknum fyrirvara, og má hann leggja girðinguna gegn andmælum mótaðila og á kostnað hans að hálfu eða að hluta. Engin skilyrði eru um það sett, að landið sé girðingarhæft (hæð lands, landslag, fannkyngi), ekki heldur um þörf girðingar. Hvort tveggja er þó ljóst, að á hreppamörkum eru girðingarstæði ýmist alófær eða lítt fær, svo að girðingar, þó lagðar yrðu, mundu litla eða enga hindrun gera, en hins vegar verða afar dýrar af viðhaldi. Þá er einnig sami réttur til að krefjast girðingar, hvort sem nokkur þörf er hindrunar eða ekki.

Heimfærsla afréttargirðinga undir einhliða kröfurétt annars eðlis án hliðar-ákvæða var slys, enda lét afleiðingarslys ekki á sér standa.

Tveim árum síðar en innskotsgreinin var lögfest gerir eitt sveitarfélag í Þingeyjarsýslu, Skútustaðahreppur, kröfu á hendur þrem aðliggjandi hreppum um girðingu á mörkum. Aðliggjandi hreppar andmæla, telja hugsaða girðingu óþarfa, þar sem ágangur á lönd Mývetninga af búfé nágrannahreppa sé ýmist lítill eða nálega enginn eða girðingarstæði nálega ónothæft vegna fannfergis. En þessar viðbáru höfðu ekkert að segja. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps leggur hina umdeildu girðingu sumarið 1970 og krefur aðliggjandi hreppa um helming girðingarkostnaðar samkvæmt ýtrustu heimild í lögum.

Skal hér vikið að helztu atriðum þessa máls, að því er viðkemur einu þeirra þriggja sveitarfélaga, sem krafín eru um þátttöku í girðingu Mývetninga, Kelduneshreppi. Vafalaust mun hið sama gilda að verulegu leyti um hreppana hina tvo, en vegna minni kunnugleika á þeirra afstöðu en Kelduneshrepps hjá þeim, er þetta ritar, miðast upplýsingarnar við málstað Kelduneshrepps. Skal þá fyrst vikið að girðingarstæðinu.

Girðingin hefur verið lögð nálægt mörkum Kelduhverfis og Mývatnssveitar frá Hafragili við Jökulsá sunnan Eilífs að syðsta Hituhól. Hæð yfir sjávarmál er 300—450 m samkvæmt upplýsingum frá Landmælingum Íslands og lengd loftlínu 19,2 km, eða nálægt 21 km, þegar gert er ráð fyrir mishæðum og óhjákvæmilegum brotum á línunni. Fyrir 26—28 árum var á sömu slóðum lögð tvöföld mæðiveikigirðing milli fjárskiptasvæða. Varnarhlutverk girðingarinnar í sambandi við mæðiveiki varaði í tvö ár, ef ég man rétt, henni hefur þó verið haldið við allt til þessa sem einfaldri girðingu. Mun það viðhald þó lítið hafa verið meira en nafnið. Lá girðingin undir snjó langt fram á sumar, en afréttarfé kemur á þessar slóðir í maí. Fé gekk þarna óhindrað milli afréttanna, ekki aðeins meðan girðingin var í kafi að vorinu, heldur allt sumarið. Viðhaldið var samt sem áður erfitt og kostnaðarsamt. Þó þarna væri fyrirliggjandi tvöfalt magn af girðingarefni, hrökk það ekki til. Snjófargið lagði girðinguna til jarðar á hverjum vetri, og ekki var hægt að vaka yfir og gera strax við, jafnóðum og girðingin kom upp úr snjónum.

Ágangur fjár milli afréttarlanda Kelduhverfis og Mývatnssveitar hefur enginn verið í mannaminum. Áður en fyrri mæðiveikigirðingin var lögð eftir 1940, voru þetta eitthvað á annað hundrað kindur haust hvert, sem Keldhverfingar og Mývetningar fengu í haustleitum hvorir af annarra afrétt, og mátti ekki á milli sjá með fjöldann. Síðastliðin 10 ár, eftir að hindrunarmáttur girðingarinnar var lítill orðinn, fengu hrepparnir hvor af annars afrétt fé sem hér segir:

Ár	M frá K	K frá M
1961 .....	110	57
1962 .....	60	144
1963 .....	85	110
1964 .....	121	106
1965 .....	124	155
1966 .....	181	211
1967 .....	136	166
1968 .....	143	180
1969 .....	251	106
1970 .....	269 = 1480	185 = 1420

Þannig hallar á Mývetninga um sextiu kindur á 10 árum, eða til jafnaðar sex kindur á ári.

Þessar upplýsingar hljóta að leiða til þeirrar niðurstöðu, að samgangur afréttar-fjár milli þessara hreppa tveggja sé mjög óverulegur, svo að ekki geti verið hagrænt að fórna stórfé honum til hindrunar. Að fenginni reynslu af mæðiveikigirðingunni, hlýtur að þurfa mikla hjartsýni til að trúá því, að gagnsemi hinnar nýlögðu girðingar verði öll önnur og miklu betri. Snjóalögum á Grjóthálsi verður ekki breytt. Auk þess er hin nýja girðing gerð af vírneti, en ekki gaddavír, eins og hin eldri var, en sem kunnugt er þola vírnet snjófargið miklu verr en gaddavírinn. Ekki liggur fyrir, hvað þessi nýja girðing Mývetninga hefur kostað, en ætla má, að þessir 20 km á mörkum Keldhverfinga losi milljónina og vel það, þegar öll kurl koma til grafar. En svo fráleitt sem það er að festa fé í framkvæmd sem þessari, þá verður þó viðhald girðingarinnar enn þá dapurlegri þáttur. Nú er ekki á staðnum eins og hið fyrra sinn annað eins magn af efni og til girðingarinnar fór, sem hrökk þó skammt þau 24 ár eftir að varnargirðingin lauk sínu upphaflega hlutverki. Það er engum vafa bundið, að viðhald girðingar á þessum stað verður til muna þyngri byrði heldur en stofnkostnaðurinn. Fróðlegt er að minnast þess, að vel lagðar girðingar í byggð í Kelduhverfi, jafngamlar mæðiveikigirðingunni sálugu, standa með öllu óhaggaðar og hafa sáralítið viðhald þurft eða ekkert. Þessi er munurinn á girðingu í byggð og girðingu á heiðum uppi.

Frá sjónarmiði Keldhverfinga er girðing Mývetninganna ráðlaust flán. Með hjálp hins nýja girðingalagaákvæðis senda þeir okkur uppvakning, sem innjög er óvelkom-

inn. Og hver veit nema fleiri fari á eftir. Afréttarlönd Keldhverfinga liggja að af-  
réttum þriggja annarra hreppa en Mývatnssveitar. Lengd þeirra marka er slík, að  
ekki mundi veita af 60 km girðingu, ef nágrannar brygðu á sama ráð og Mý-  
vetningar.

Keldhverfingar hafa ýmis áhugamál, sem þeim eru hugstæðari en háfjalla-  
girðingar. Þeir ætla að byggja sameiginlegan skóla með nágrannahreppum, þeir eru  
að hefjast handa um nýtingu jarðhita, þeir renna hýru auga til ágætra fiskiræktar-  
skilyrða í sveitinni sinni, og þeir hefðu þurft að auka bústofn sinn, svo fátt eitt sé  
nefnt. Þeir mega ekki við því að fá sendingu sem þessa með eilífðarhalann.

Í Kelduhverfi eiga heima 229 manns (meðaltal fimm síðustu ára). Um árabíl  
hafa nettótekjur Keldhverfinga verið bútekjur að hálfu, en vinnu- og þjónustu-  
tekjur að hálfu. Miðað við þetta má segja, að annar hver Keldhverfingur hafi fram-  
færi sitt af búskap, segjum 115 manns. Ekki hef ég handbærar tölur um hlutfall  
milli búgreina þar, en ekki þykir mér ósennilegt, að sú skipting væri tveir með  
sauðfjarrækt og einn með mjólkurframleiðslu og aðrar búgreinar, en það þýðir, að  
75 manns lifði í Kelduhverfi á sauðfjarrækt, eða 15 fimm manna fjölskyldur. Að  
þessu fólki berast höndin um að taka við kröfu Mývetninga. Einhver kann samt að  
benda á sveitarsjóðinn. Árleg útsvör í Kelduhverfi eru 625 þús. kr. (meðaltal fimm  
síðustu ára). Það er lukka með, að sú upphæð dekkar stofngjald þetta.

Raunar hafa útsvör í sveitarfélaginu ekki beina þýðingu í sambandi við þennan  
girðingarkostnað. Verði ekki undan honum vikizt, færast hann á fjallskilareikning  
hreppsins og greiðist af sauðfjáreigendum sem slíkum einum saman. Óhætt er að  
fullyrða, að sú atvinnugrein gefur þessi árin rýrastar tekjur í Kelduhverfi. Fram-  
leiðsla búvöru hefur staðið í stað þar í sveit síðasta áratug, en nokkuð færzt milli  
búgreina frá ræktun sauðfjár til nautgripa. Sú tilfærsla kemur til með að aukast  
á næstunni með bættu vegasambandi við Húsavík og viðvarandi harðæri, því eins  
og kunnugt er, bitnar harðæri meir á sauðfjarrækt en nautgriparækt. Örafagirðingin  
á Grjóthálsi leggst á sömu sveif.

Þær hugleiðingar, sem hér eru á blað settar, eru fram bornar til stuðnings bráða-  
birgðaákvæðum í frumvarpi um breytingar á girðingalögum.

Reykjavík, 22. febr. 1971.

Virðingarfyllst,

Björn Haraldsson.